

dæmdur til þess að rjúfa hindrun fyrir framrennsli rigninga- og leysingavatns meðfram norðanverðum sýsluvegi, er skilur lönd aðiljanna, og

2) dæmdur til þess að setja hlið á girðingu sína meðfram þjóðvegi. — Þar sem ekki þykir hætt við, að vatnsrennsli af landi stefnda geti orðið stefnanda að meini fyrr en eftir lok septembermáaðar, skulu dagsektir, sem renni til stefnanda, ekki reiknast fyrr en frá og með 1. okt. n. k.

Eftir þessari málsniðurstöðu þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Jónasi Hvannberg, eiganda Úteyjar I, er skylt, að viðlögðum 50 kr. dagsektum, er renni til stefnanda, Skapta Davíðssonar, og reiknist frá 1. okt. 1952, að gera vatnsrás gegnum heimreið sína nægilega til þess að rigningar- og leysingarvatn af túni hans leiti ekki yfir sýsluveginna á land stefnanda. Stefnda er og skylt að búa svo um girðingu sína meðfram þjóðvegi, að stefnandi geti þar óhindrað neytt umferðarréttar síns.

Stefndi greiði stefnanda 2000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Kærumálið nr. 9/1953.

Magnús Thorlacius

gegn

Bengtú Andersen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumáli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. júní þ. á., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, uppkveðnum 27. maí þ. á. í máli varnaradilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, aðallega að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá stjórn Lögmannafélags Íslands, en til vara, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og þóknun honum til handa,

sú er í málinu greinir, ákveðin kr. 10 000.00. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hafði uppi þær málsástæður fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands, að varnaraðili hafi með því að kvitta fyrir inneign sinni hjá honum svo og með aðgerðarleysi um langan tíma, firrt sig rétti til að krefjast lækkunar á þóknun þeirri, sem sóknaraðili hefur reiknað sér fyrir flutning málsins Bengta Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni. Stjórn Lögmannafélagsins brast vald til að kveða upp úrskurð um þessar málsástæður. En ekki verður í dómi kveðið á um þóknun til handa sóknaraðilja fyrir flutning nefnds máls, án þess að taka til athugunar og meta framangreindar málsástæður. Af þessu leiðir, að úrlausn stjórnar Lögmannafélags Íslands verður einungis skoðuð sem álitserð, en ekki úrskurður samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942, er kærður verði til Hæstaréttar. Ber samkvæmt þessu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Framangreindu kærumáli vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, greiði varnaraðilja, Bengtu Andersen, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. maí 1953.

Ágreiningsmál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 24. apríl s. l., hefur Franz A. Andersen, löggiltur endurskoðandi hér í bæ, f. h. systur sinnar, Bengtu Andersen, borið undir félagsstjórnina með bréfi, dags. 18. marz s. l. Gerir sóknaraðili þær kröfur, að félagsstjórnin úrskurði, hver þóknun sé hæfileg til handa varnaraðilja, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, fyrir flutning málsins: Bengta Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni í héraði og Hæstarétti.

Varnaraðili hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá „dómi“, en til vara, að þóknun hans verði ákveðin kr. 10 000.00.

Rétt þykir að taka frávisunarkröfu varnaraðilja fyrst til athugunar. Rökstýður hann kröfuna með því, að sóknaraðili hafi samþykkt að greiða kr. 10 000.00 í þóknun fyrir flutning umrædds máls, með því að kvitta fyrir inneign sína hjá honum samkvæmt reikningi á málsskjali nr. 5, án nokkurrar athugasemdar. Séu því engin skilyrði til lækkunar á málflutningsþóknuninni eða endurgreiðslu hennar að nokkru eða öllu og úrskurðarvald stjórnarinnar nái ekki til þess að fjalla um endurgreiðslu-kröfu.

Félagsstórnin telur, að úrskurðarvald sitt nái aðeins til þess að ákveða fjárhæð ómaks- eða málflutningslauna í samræmi við lágmarksgjaldskrá félagsins, en ekki til þess að úrskurða, hvort aðili hafi með athöfn eða athafnaleysi samþykkt tiltekna þóknun og hvort hann hafi með því firrt sig rétti til lækkunar á málflutningsþóknun eða endurgreiðslu hennar.

Sóknaraðili hefur lagt málið þannig fyrir stjórnina, að hann óskar eftir úrskurði um hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem um ræðir í málinu. Þykir ekki verða hjá því komizt að kveða upp úrskurð um það atriði, enda telur félagsstjórnin, að það heyri undir hina almennu dómstóla að kveða á um það, hvort sóknaraðili hafi samþykkt reikning varnaraðilja og firrt sig rétti til endurkröfu. Frávisunarkrafa varnaraðilja verður því ekki tekin til greina.

Mál það, sem ágreiningur þessi er risinn af, höfðaði varnaraðili fyrir sóknaraðilja með stefnu útgefinni þann 28. jan. 1949 og voru gerðar þær kröfur á hendur stefnda, Brynjólfi Magnússyni, að hann yrði dæmdur til þess að greiða sóknaraðilja kr. 68 200.00 í bæt看 vegna bifreiðarslyss, er maður stefnanda hafði orðið fyrir og beðið bana af, ásamt 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Þá var og krafizt viðurkenningar á lögveðrétti í bifreið stefnda R 5617.

Mál þetta var dæmt í héraði þann 15. marz 1950 og urðu úrslit þau, að stefndi, Brynjólfur Magnússon, var dæmdur til að greiða sóknaraðilja kr. 18 000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 2 100.00 í málskostnað. Þá var og viðurkenndur lögveðréttur í bifreið stefnda, R 5617, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Var niðurstaða dómsins m. a. byggð á því, að eiginmaður stefnanda hefði verið meðvaldur að slysinu og stefnda því einungis gert að bera helming fébótaábyrgðar á tjóninu.

Dómi þessum skaut sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu, dags. 21. apríl 1950. Var dómur kveðinn upp í Hæstarétti í desember 1950 með þeim úrslitum, að Brynjólfur Magnússon var talinn bera einn ábyrgð á dauðaslysinu og honum gert að greiða sóknaraðilja kr. 40 000.00 í bæt看 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað í héraði og Hæstarétti.

Fyrir flutning máls þessa reiknaði varnaraðili sér kr. 10 000.00, auk útlagðs kostnaðar, er nam kr. 2 770.20.

Telur sóknaraðili þessa þóknun of háa. Heldur hann því fram, að hann hafi samið um lægri þóknun við varnaraðilja, þ. e. a. s. að þóknun skyldi miðast við þá upphæð, sem endanlega yrði dæmd. Þá heldur hann því fram, að þóknunin sé allmikið yfir venjulegan taxta lögmanna. Loks hefur sóknaraðili krafist fylgiskjala og sundurliðunar á útlögðum kostnaði varnaraðilja af málinu.

Félagsstjórnin lítur svo á, að ósannað sé gegn eindregnum mótmælum varnaraðilja, að samið hafi verið fyrirfram um þóknun hans fyrir flutning málsins. Verður því að miða þóknunina við gjaldskrá þá, sem í gildi var, er málið var flutt, en hún er frá 15. des. 1944. Nú er það sýnt, að stefnukrafan í málinu var áætluð og ber því samkvæmt 4. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar að miða málflutningslaunin við það, sem sannlegt má telja.

Miðað við verk það, sem varnaraðili lét í té við undirbúning og flutning málsins, hagsmuni þá, er í húfi voru, og endanleg úrslit málsins þykir félagsstjórninni þóknun til handa varnaraðilja fyrir flutning málsins í héraði og fyrir Hæstarétti hæfilega ákveðin kr. 8 000.00.

Að því er varðar þá kröfu sóknaraðilja, að varnaraðilja sé gert að sýna sundurliðun og fylgiskjöl fyrir hinum útlagða kostnaði, athugast, að félagsstjórnin telur sig bresta vald til þess að *skylda* varnaraðilja til slíks, enda hefur hann ekki góðfúslega viljað láta stjórninni þessi gögn í té.

Ályktarorð:

Þóknun varnaraðilja, Magnúsar Thorlacius hrl., fyrir flutning málsins: Bengta Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni í héraði og Hæstarétti ákveðst kr. 8 000.00

Priðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 74/1953. **Guðlaugur Einarsson** (sjálfur)
gegn

Guðmundi H. Þórðarsyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Staðfesting fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1953. Krefst hann þess, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógætarétti Reykjavíkur 3. marz 1953 í